

Fundargerðir Etadeildar 2007-2008

Sjötti fundur Etadeildar starfsárið 2007-2008, sem jafnframt var aðalfundur, var haldinn þriðjudaginn 22. apríl 2008 kl. 18:00 á vetingastaðnum Thorvaldsen. Gestir fundarins voru: Anna Þóra Baldursdóttir, forseti Landssambands DKG og nýir félagar þær Anna Magnea Hreinsdóttir, Anna Lind Pétursdóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Þórunn Blöndal.

Af Etakonum voru mættar: Guðrún Hrefna, Ásta, Ingibjörg, Bergþóra, Bryndís Guðmundsd., Bryndís Sigurjónsd., Eyrún, Kristín Steinarsd., Magnea, Rannveig, Sophie, Elísabet, Inga Margrét, Guðrún Geirsd. og Auður.

1. Guðrún Hrefna setti fund, bauð fundargesti velkomna og kveikti á kertum. Hún skipaði Ingibjörgu Símonardóttur fundarstjóra.
2. Ásta Lárusdóttir flutti orð til umhugsunar og las ljóðið *Mitt faðirvor* eftir Kristján frá Djúpalæk.
3. Anna Þóra Baldursdóttir tók til máls og flutti kveðjur Landssambandsins og Betadeildar.
4. Guðrún Hrefna flutti skýrslu um starfsemina þau tvö ár sem fráfarandi stjórn hefur setið. Hún fór yfir dagskrá funda. Síðan ræddi hún áherslur stjórnarinnar og stefnumótunavinnuna og tengsl þeirra við markmið samtakanna. Hún skýrði frá því að tekinn hefði verið upp sá siður að veita konum (H)rós fyrir það sem þær hefðu vakið athygli fyrir. Hún gerði grein fyrir vinnunni í tengslum við heimasíðu deildarinnar sem nú er óðum að taka á sig mynd. Að lokum ræddi hún að erfitt væri að fá konur til að gegna formennsku í deildinni og taka sæti í stjórn. Hún hvatti konur til að hugleiða þetta og benti á þann ávinning sem fælist í því að kynnast starfsemi DKG frá nýrri hlið. Hún þakkaði samstarfskonum sínum í stjórn farsælt og gefandi samstarf. Skýrslu formanns má lesa í heild sinni á heimasíðu deildarinnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við skýrslu formanns.
5. Ásta Lárusdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins og gerði grein fyrir nokkrum liðum. Reikningar voru samþykktir athugasemdalaust.
6. Kristín Steinarsdóttir, sem séð hefur um uppsetningu heimasíðunnar, kynnti hana og bað um viðbrögð. Þau voru mjög jákvæð og var ákveðið að halda áfram á sömu braut.
7. Nú var komið að stjórnakjöri. Eyrún, formaður uppstillingarnefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Tillaga uppstillingarnefndar: Brynhildur Anna Ragnarsdóttir formaður og aðrir í stjórn Bryndís Sigurjónsdóttir, Inga Margrét Róbertsdóttir og Kirsten Friðriksdóttir. Fundurinn samþykkti þetta með lófataki.
8. Önnur mál. Anna Þóra kvaddi sé hljóðs og sagði frá alþjóðaráðstefnu DKG sem haldin verður í Chicago í júlí. Íslenskir þátttakendur verða átta. Hún hvatti konur til að taka þátt í ráðstefnum og þingum samtakanna og minnti á vorþingið sem haldið verður 17. maí í Menntaskólanum í Kópavogi þar sem áhersla verður á fjölmenningu og málefni innflytjenda. Hún minntist á markmið alþjóðasamtakanna og ræddi sérstaklega það markmið að styðja við nýja kennara meðan þeir eru að fóta sig í starfi.

Nú var gert matarhlé og gæddu fundargestir sér á gómsætum réttum og notuðu tækifærið til að spjalla saman.

9. Inntaka nýrra félaga var næst á dagskrá. Inntökunni stjórnðu Guðrún Hrefna, Anna Þóra og Auður. Fylgt var hefðum DKG í athöfninni og hinir nýju félagar urðu þar með formlegir félagar í Etadeild. Þær eru: Anna Magnea Hreinsdóttir, Anna Lind Pétursdóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Þórunn Blöndal.
10. Fundi var formlega slitið kl. 21:15. Það kom fram ánægja með störf fráfarandi stjórnar og þá sérstaklega formennsku Guðrúnar Hrefnu.

Auður Torfadóttir skráði